

FUNDARGERÐ

Nefnd: Framkvæmdanefnd

Efni: Kerfisbundin endurskoðun og yfirferð úrtaksreglna

Viðstaddir: Berglind Eva Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Bjarni Bjarnason, Steinvör Laufey Jónsdóttir, Hugrún Kristjánsdóttir, Signý Jóhannesdóttir, Árni Egilsson, Jakobína Björnsdóttir.

Fundardagur: 27.1.2015

Tími: 11:00 – 16:00

Fundarstaður: Virkisbúð, Borgartúni 30

Rætt á fundi:

- Farið yfir úrtaksreglur vegna starfsmatsviðtala starfsmanna og þær samþykktar með breytingum.
- Lagt til að á vefsíðunni starfsmat.is verði sett inn tilkynning um að vefsíðan sé í vinnslu með upplýsingum um hvernig sé hægt að hafa samband við starfsmatsráðgjafa. Rætt um að hafa kynningar á vefsíðunni t.d. kynningu á starfsmatinu og hvernig starfsmatsviðtöl fara fram. Þetta getur verið í formi glærुकynningar með hljóðupptöku eða myndband sem dæmi. Á vefnum, þegar vefsíðan verður klár, þurfa að vera nauðsynleg undibúningsgögn eins og spurningalisti starfsmats sem starfsmaður fyllir út. Sömuleiðis þurfa að vera upplýsingar um þau gögn sem þarf að skila inn til verkefnastofu starfsmats í aðdraganda nýs mats (endurmats) eins og ný/uppfærð starfslýsing.
- Uppkast að heimasíðu starfsmatsins skoðuð (starfsmat.is) og merki (lógó) starfsmatsins.
- Farið yfir línur starfsheita hjá Akureyrarkaupstað.
- Tekin ákvörðun um næstu skref og fundi varðandi kerfisbreytingar á starfsmatinu og yfirferð.

Fundi slitið kl. 15:15